

Viðburðadagskrá haustsins 2017 á vettvangi U3A

19.september á Grand hótél:

Kaffisþjall með Janusi Guðlaugssyni, lektor: **Aldrei of seint**.
Heilsuefling fyrir fólk á þriðja æviskeiðinu. Hvað er til ráða?

26.september í Hæðargarði:

Trausti Valsson, prófessor emeritus. **Mótun framtíðar**.
Trausti segir frá ævisögu sinni, sem nú er komin út á ensku: Shaping the Future. Báðar eru á heimasíðu hans <http://www.hi.is/~tv>

3.október í Hæðargarði:

Marín Hrafnisdóttir: **Enn líf í dalnum – Guðrún frá Lundi**.
Í fyrirlestrinum verður farið yfir æviferil Guðrúnar með það að leiðarljósi að gestir fái innsýn í tíðaranda horfins heims. Umfjöllunarefni skáldsagna Guðrúnar verða skoðuð og rýnt í viðtökur og vinsældir og reynt að glöggva sig á hvað það er sem geri það að verkum að hún slær enn sölu- og vinsældamet.

10.október í Hæðargarði:

Orri Vésteinsson, prófessor: **Og síðan gerðist ekki neitt**.
Fornleifar í Reykjavík milli elleftu aldar og þeirrar átjándu

17.október á Grand hótél:

Kaffisþjall með Semu Erlu Serdar: um **málefni flóttafólks og hælisleitenda**

24.október í Hæðargarði:

Birgir Jónsson, jarðfræðingur: **Eldvirgni síðustu alda á Suðurlandi**.
Fjallað um nýtt eldgosa og jarðskjálftasetur á Hvolsvelli ásamt áhrifum eldgosa síðustu alda á Suðurlandi. Og í kjölfarið:

28.október á Hvolsvelli. **Lava Center heimsótt** með leiðsögn Birgis

31.október í Hæðargarði:

Jón Björnsson, rithöfundur: **Via Appia - Frægasti vegur Rómverja**.
Elsti og frægasti vegurinn sem Rómverjarnir fornu lögðu um ríkið frá Róm suður til Brindisi

7.nóvember í Hæðargarði:

Birgir D. Sveinsson: **Halldór Laxness, maður og sveitungi**.
Birgir D. Sveinsson, kennari og fyrrum skólastjóri í Mosfellsbæ, segir frá kynnum sínum af Halldóri Laxness og hvernig hann var sem sveitungi. Birgir þekkti vel skáldið og hefur jafnframt tekið viðtöl við þá sveitunga sem voru í mestum samskiptum við hann og fjölskylduna. Í framhaldi þá heimsækjum við svo Gljúfrastein. Og í kjölfarið:

9.nóvember Heimsókn á Gljúfrastein og umhverfi með Birgi

14.nóvember í Hæðargarði:

Svanbjörg Haraldsdóttir, jarðeðlisfræðingur: **Snjóflóðin mannskæðu.**

Fjallar um snjóflóðið á Flateyri og flóðin í Neskaupstað í desember 1974 og svo snjóflóðasöguna á þessum svæðum, Auk þess kemur hún inn á snjóflóðavarnir, vinnu Hjörleifs Guttormssonar og fleiri 1975 og hvernig hugsun og skipulag þróaðist í kjölfar flóðanna í Súðavík og á Flateyri.

21.nóvember á Grand hótél:

Kaffisþjall um **erlend málefni og alþjóðastjórnsmál**

28.nóvember í Hæðargarði:

Eiríkur Rögnvaldsson, prófessor: **Íslenskan í ólgusjó.**

Áhrif samfélags og tæknibreytinga á stöðu og framtíð íslenskunnar

j

5.desember í Hæðargarði:

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur: **Leitin að íslensku klaustrunum.**

Steinunn greinir frá rannsókn sinni á klaustrunum sem rekin voru á Íslandi á miðöldum og les um leið upp úr nýútkominni bók sinni um leit að rústum þeirra og sögu.

12.desember á Grand hótél:

Jólasþjall: **Aðventa Gunnars Gunnarssonar**